

Lestrarstefna Sjálandsskóla

2022

Inngangur

Lestrarstefna Sjálandsskóla er ætíð í þróun og er unnin eftir þeim lestrarkennsluaðferðum, skimunum og prófum sem notast er við hér í skólanum. Auk þess er unnið eftir nýjum viðmiðum í lestri sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Góð lestrarfærni er undirstaða náms og því leggur Sjálandsskóli ríka áherslu á lestrarkennslu í 1.-10. bekk. Að vinna með lestur er ferli sem er í sífelldri endurskoðun og kennslan því að taka mið af því sem reynist farsælast hverju sinni. Lestrarþjálfun er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla og áherslur taka mið af stöðu nemenda hverju sinni. Notuð eru ákveðin hraðaviðmið til að meta lestrarfærni nemenda og höfum við í Sjálandsskóla ákveðið að nota þau viðmið sem Menntamálastofnun gefur út en þar metum við rétt lesin orð á mínútu. Til að ná góðum tókum á lestrinum er þó einnig mikilvægt að þjálfna lesskilninginn markvisst. Það er gert með því að beita fjölbreyttum lesskilningsaðferðum. Góðan lesskilning þarf að efla jafnt og þétt, vinna með orðaforða, málskilning og málvitund með mismunandi aðferðum frá upphafi grunnskóla.

Lestrarstefna Sjálandsskóla er skjal sem er í stöðugri þróun og kennarar skólans vinna eftir. Hún er leiðbeinandi fyrir kennara, foreldra og aðstandendur, hvernig unnið er með þjálfun í lestrarfærni, lesfímipróf, lesskilningspróf, skimanir og greiningarpróf.

Lestur

Lestur byggir á tveimur hugrænum aðgerðum. Annars vegar umskráningu og hins vegar lesskilningi. Virkur lestur vísar til þess að börn nái tókum á báðum þessum þáttum og að lestur geti aðeins átt sér stað þegar þessi tvö ferli vinni saman. Nemandi sem hefur ekki vald á umskráningu getur ekki lesið og nemandi sem skilur ekki texta er ekki læs. Markmið lesturs er ekki einungis að bera kennsl á/lesa orð (umskráning) heldur einnig að skilja það sem lesið er. Út

frá þessum tveimur aðgerðum, umskráningu og málskilningi, má auðveldlega greina styrkleika og veikleika nemanda í lestri og leggja línur um viðeigandi kennslu (Steinunn Torfadóttir, e.d.).

Lesfimi

Í Sjálandsskóla eru lögð fyrir raddlestrarpróf þar sem prófuð er lesfimi a.m.k. þrisvar sinnum á ári. Lesfimi vísar til sjálfvirkrar samhæfingar á umskráningu, orðabekkingu og lesskilningi. Með því verður þannig að lesturinn nákvæmur, hraður og sjálfvirkur. Nákvæmni felst í að lesa rétt en sjálfvirkni í því að þekkja framburð og merkingu ritaðs orðs um leið og það ber fyrir augu, fyrirhafnarlaust og án þess að þurfa að einbeita sér að því að umskrá orðið. Lesturinn þarf að vera liðlegur og með réttum áherslum svo að athyglin geti beinst að lesskilningi. Nemendur með góða lesfimi hafa góðan sjónrænan orðaforða. Þeir eiga jafnframt auðvelt með að mynda tengsl milli lesefnis og eigin þekkingar og reynslu til að skilja orðin og textann. Ekki er að fullu ljóst hvernig tengslum sjálfvirkni og hljóðkerfisvitundar er háttað, hvort sjálfvirkni er einn þáttur hljóðkerfisins eða hvort þessi færni þróast sjálfstætt, óháð þróun hljóðkerfisvitundar. Hins vegar er vitað að lesfimi hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir árangur í lestri og þess vegna þarf að þjálfja sjálfvirkni í öllum þáttum lestrarferlisins, strax í upphafi.

(Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir, e.d.)

Lesskilningur

Lesskilningur er afar flókið ferli sem felur í sér fjölþætta, hugræna úrvinnslu. Við metum lesskilning nemenda m.a. með Orðarún og ýmsum öðrum lesskilningsprófum. Ótal margir áhrifaþættir koma við sögu í lesskilningsferlinu. Þess vegna geta margar ólíkar en jafnframt samverkandi ástæður legið fyrir því

að börn lendi í erfiðleikum með lesskilning. Mönnum hefur reynst erfitt að skilgreina lesskilning því ekki er aðeins um að ræða mismunandi stig skilnings heldur byggir lesskilningur á hugrænni úrvinnslu og rökhugsun sem háð er þjálfun, ögun og þeim efnivið sem unnið er með hverju sinni. Þess vegna þarf skilgreining á lesskilningi að endurspegla úrvinnsluna ekki síður en afrakstur skilningsins. Lesskilningur er gjarnan mjög breytilegur vegna þess að hann er undir áhrifum af lestrarfærni (umskráningarfærni) lesandans, þátttöku hans í að umbreyta ritmáli í merkingu, sem bæði tengist textanum og þeim verkefnum sem lesandanum er ætlað að vinna, svo og því samhengi þar sem lesturinn á sér stað (Bergljót V. Jónsdóttir, 2010, bls. 25-39).

Lestrarkennsluaðferðir

Hljóðaaðferðin

Lestur er kenndur með hljóðaaðferð í Sjálandsskóla. Sú aðferð gengur út á að nemendur læri að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Þannig læra nemendur skilvirka tækni til að lesa ný orð. Kenndir eru bókstafirnir, hljóð þeirra og tákn. Samhliða þessari kennslu læra nemendur að skrifa bókstafi. Fyrst læra þau bókstafina og síðan að tengja saman hljóðin og mynda með þeim orð og setningar.

Pals lestrarþjálfun

Sjálandsskóli notar K-PALS, G-PALS og PALS lestrarþjálfun í lestrarnámi nemenda. Unnið er með K-PALS og G-PALS í 1.bekk en PALS í 2.-7. bekk. PALS stendur fyrir Peer Assisted Learning Strategies og hefur fengið íslenska heitið, Þör að læra saman. PALS er lestrarþjálfunaraðferð þar sem nemendur vinna saman, tveir og tveir og fara í gegnum ákveðið ferli. Annar nemandinn les en hinn þjálfar og svo er skipst á hlutverkum. Sá sem byrjar að lesa kallast lesari 1 og hinn aðilinn kallast

lesari 2. Kennslustundin skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá. Alls tekur ferlið um 35 mínútur en nemendur fara í PALS þrisvar sinnum í viku í 12 vikur í senn. Skipt er um félaga á fjögurra vikna fresti. Markmiðið með þessu verkefni er að bæta lestrarfærni nemendanna en bandarískar rannsóknir sýna miklar framfarir hjá nemendum sem fá PALS lestrarþjálfun.

Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur er ferli sem fær nemandann til að einbeita sér betur að lestri textans. Ef nemandi nær tökum á gagnvirkum lestri getur hann bætt lesskilning sinn til muna. Ferlið er eftirfarandi: Nemandi les texta, t.d. eina efnisgrein, dregur síðan saman aðalatriðin úr textanum. Því næst spyr nemandinn sig spurninga um efni textans, oft „kennaralegar“ spurningar. Ef það eru orð eða orðasambönd sem nemandinn skilur ekki er leitað svarað við þeim með aðstoð kennara. Að lokum er spáð fyrir um framhald textans. Oft er erfitt að gera það í fræðigreinum og þá er forspánni sleppt. Síðan er lestrinum haldið áfram. Í gagnvirkum lestri er lögð áhersla á að nemandi einbeiti sér að efninu og sjálfum sér. Að hann tengi efnið fyrri þekkingu sinni og beiti ályktunarfærni sinni, lesi milli lína, gæti vel að því sem er óljóst og spyrji sig spurninga um efnið og eigin skilning. Aðferðina er hægt að nota sem ferli en jafnframt má leggja áherslu á staka þætti hennar. Margar rannsóknir benda til þess að gagnvirkur lestur auki skilning nemenda á les- og námsefni. Gangvirkur lestur er notaður á unglingastigi.

Lestrarskipulag og markmið

1. bekkur

Lögð er fyrir könnun um stafabekkingu í byrjun hvers skólaárs. Niðurstöður eru notaðar til þess að raða í lestrarhópa. Í Sjálandsskóla er hljóðlestraraðferðin lögð til grundvallar í lestrarkennslu. Lagt er upp úr því að byggja á þekkingu sem fyrir er og þess vegna fara ekki allir í stafainnlögn. Í hópunum er unnið með margvísleg verkefni þar sem lögð er áhersla á málþroska, málskilning og lestrarfærni. Samhliða þessari vinnu er notast við K-PALS og G-PALS lestrarkennsluaðferðina. Reglulega eru lagðar fyrir kannanir til þess að fylgjast vel með þróun nemenda í lestri yfir veturinn og raðað í hópa samkvæmt niðurstöðum hverrar könnunar.

Þátttaka foreldra í lestrarnámi barna sinna er gríðarlega mikilvæg. Fimm daga vikunnar eiga nemendur að lesa heima og foreldrar kvitta fyrir heimalesturinn. Frá áramótum eiga nemendur að skrifa orð í stílabók samhliða heimalestrinum.

1.-4. bekkur

Í byrjun skólaárs er lagt fyrir raddlestrarpróf fyrir valda nemendur þar sem tekin er staða nemenda eftir sumarið. Niðurstöður þeirrar könnunar eru notaðar til þess að staðsetja nemendur í lesefni. Unnið er með lestrarfærni, frásögn, stafsetningu og ritun. Í 2. bekk er lögð aukin áhersla á lesskilning þar sem unnið er með hugtök, orðaforða og ályktunarhæfni. PALS- lestrarkennsluaðferðin er í 12 samfelldar vikur. Þátttaka foreldra í lestrarnámi barna sinna er gríðarlega mikilvæg. Fimm daga vikunnar eiga nemendur að lesa heima og foreldrar kvitta fyrir heimalesturinn. Nemendur eiga að skrifa orð í stílabók samhliða heimalestrinum.

5.- 7. bekkur

Unnið er markvisst með lestrarfærni, frásögn, stafsetningu og ritun í íslensku og einnig er unnið með lesturinn í öðrum námsgreinum. Í 5.-7. bekk er lögð mikil áhersla á lesskilning þar sem unnið er með hugtök, orðaforða og ályktunarhæfni. Í íslensku er stuðst við PALS- lestrarkennsluaðferðina strax að hausti, 3 sinnum í viku, í fjörutíu mínútur í senn í 12 samfelldar vikur. Lesskilningsprófin Orðarún eru lögð fyrir nemendur í upphafi og lok þessara 12 vikna sem PALS-lesturinn fer fram til að meta árangur af kennsluaðferðinni. Raddlestrarpróf eru einnig lögð fyrir nemendur reglulega yfir veturinn til að meta lestrarfærnina. Mikil áhersla er á heimalestur allan veturinn og eiga nemendur að lesa heima a.m.k. fimm daga vikunnar, 20 mínútur í senn og foreldrar kvitta fyrir heimalesturinn. Þátttaka foreldra í lestrarnámi barna sinna er gríðarlega mikilvæg og er heimalesturinn skráður mánaðarlega á Námfús. Nemendur miðstigs lesa kjörbækur og þemabækur og vinna fjölbreytt lesskilnings- og málfræðiverkefni samhliða lestrinum. Mikið er lagt upp úr því að vekja áhuga nemenda á lestri og bókmenntum m.a. með reglulegum kynningum frá barnabókahöfundum. Eins er lestrarstundum komið inn í stundaskrá skóladagsins eins oft og mögulegt er.

8.-10. Bekkur

Á unglingastigi er gagnvirkur lestur kenndur í minni hópum. Í staðinn fyrir hefðbundinn heimalestur er unnið með texta samkvæmt fyrirfram skilgreindum hæfniviðmiðum í hverri námsgrein. Í íslensku lesa nemendur kjörbækur og 3-4 önnur bókmenntaverk sem hafa fest sig í sessi í ákveðnum árgöngum. Mikil ritun tengist þessum lestri og nemendur fá einnig þjálfun og kennslu í gerð heimilda- og bókmenntaritgerðum. Nemendur á unglingastigi taka líka þátt í öllum sameiginlegum lestrarátökum sem skólinn fer í.

Próf og skimanir

Stafabekking

Stafabekking er könnuð með fjórum einstaklingsverkefnum. Um er að ræða bæði stóra og litla stafi, sérhljóða og samhljóða. Nemendur eiga að kalla fram hljóð og heiti hvers bókstafs sem þeir lesa af blaði.

Raddlestrarpróf

Notuð eru raddlestrarpróf frá Menntamálastofnun til að meta lestur og fylgjast með framförum nemenda. Með raddlestrarprófum er verið að mæla lesfimi sem er undirstaða þess að nemendur nái góðum lesskilningi. Einfaldasta leiðin til að meta lesfimi er að mæla leshraðann. Hraðinn er metinn með því að telja orðafjölda sem nemandi les að meðaltali á mínútu. Hægt er að bera niðurstöður saman við aldurstengd viðmið. Í Sjálandsskóla eru raddlestrarprófin lögð fyrir a.m.k. þrisvar sinnum á ári og framfarirnar metnar.

Orðarún - Lesskilningspróf

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Það var gefið út af Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri árið 2011. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Í fyrsta lagi er verið að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar. Í öðru lagi hvort nemandur geti dregið ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta. Í þriðja lagi að þeir átti sig á meginefni texta og í fjórða lagi geti útskýrt orð og orðasambönd. Sjálandsskóli leggur Orðarún fyrir tvisvar á ári.

Leið til læsis

Í Sjálandsskóla er lögð fyrir skimun frá LtI. í 1. bekk. Þar eru þrír aðskildir færniþættir metnir sem leggja grunn að lestrarnáminu og það eru: Málskilningur

og orðaforði, bókstafa- og hljóðabekking og hljóðkerfis- og hljóðavitund. Leið til læsis kerfið gerir bekkjarkennurum kleift að kanna hve vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við lestrarnám áður en eiginleg lestrarkennsla hefst að hausti í **1. bekk**. Niðurstöður gefa vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám. Annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning. Niðurstöður skimunarprófsins eru tengdar kennsluleiðbeiningum sem gera kennurum kleift að bregðast við með ólíkum hætti eftir því hvernig styrk- og veikleikar nemenda birtast í hverjum þessara færniþátta. Leiðbeiningar og hugmyndir um kennslu eru í kennsluhandbók sem bekkjarkennarar eiga kost á en þær byggja á raunprófuðum kennsluaðferðum í anda hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun við lestrarerfiðleikum.

(Námsmatsstofnun, e.d.)

LOGOS

LOGOS greiningarprófið er lagt fyrir nemendur í 4. -10. bekk. Prófið er tölvutækt greiningarpróf sem greinir lestrarörðugleika eins og t.d. lesblindu (dyslexíu). LOGOS skimun er lögð fyrir nemendur í 3., 6. og 8. bekk. Skimunin er lögð fyrir nemendur í 6. bekk í október, fyrir nemendur í 3. bekk í janúar og 8. bekk í maí. Tilgangur skimunarinnar er að finna þá nemendur sem eiga í lestrar- og lesskilningsvanda.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf eru haldin í lok september í 4. og 7. bekk. Prófað er í íslensku og stærðfræði. Frá árinu 2016 þreyta nemendur í 9. bekk samræmt

könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Það fer fram í mars. Öllum nemendum er skylt að þreyta samræmdu könnunarprófin njóti þeir ekki undanþágu frá próftöku samkvæmt reglugerð. Tilgangur samræmdra lokaprófa er skilgreindur í reglugerð um prófin. Tilgangur samræmdra prófa er að veita nemendum og forsjáraðila þeirra upplýsingar um námsárangur og námsstöðu og athuga eftir því sem kostur er hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein hafi verið náð. Einnig eiga samræmd próf að veita upplýsingar um hvernig skólar standa á landsvísu í þeim námsgreinum sem prófað er úr. Fyrir kennara eiga niðurstöður samræmdra prófa að hjálpa til að meta styrkleika og veikleika hvers nemanda og vinna áfram með þá.

Orðalykill

Orðalykill er staðlað orðaforðapróf fyrir nemendur á grunnskólaaldri. Markmið prófsins er að meta orðaforða. Prófið er lagt fyrir nemendur í 8. bekk.

Samstarf heimilis og skóla – Fræðsla og heimalestur

Hlutverk foreldra/forráðamanna er mikilvægt í lestrarnámi barna. Mikilvægt hlutverk þeirra í lestrarþjálfuninni er heimalestur allt skólaárið. Barnið þarf að lesa upphátt daglega í a.m.k. 20 mínútur. Stundum getur verið nauðsynlegt að lesa hverja blaðsíðu tvisvar eða þrisvar og gefur kennari þá fyrirmæli um slíkar áherslur. Hluti af því að fylgja lestrarnáminu eftir er að foreldrar og kennarar skrá lestur barnsins á skráningarblöð/bækur sem barnið hefur ásamt lestrarbókinni í skólatöskunni. Þannig getur kennarinn fylgst með lestrarferlinu og afhent barninu nýjar bækur þegar þess þarf.

Mikilvægt er að setja heimalesturinn inn í rúttíu heimilisins og skapa rólegt og afslappað umhverfi þegar barnið les. Nauðsynlegt er að sitja hjá barninu og fylgjast með lestrinum, leiðrétta þegar orðin eru lesin röng og hrósa þegar rétt

er lesið. Lestrarnám barna á að vera fjölskylduverkefni sem foreldrar og forráðamenn sinna í samstarfi við skólann. Á haustin er haldið fræðslukvöld fyrir foreldra þar sem þeir fá nánari upplýsingar frá sérkennurum og umsjónarkennurum um hlutverk þeirra í lestrarnámi barna sinna.

Skimanir og íhlutun

1. bekkur

Verkfæri	Stöðupróf	Lesskimun Ltl.	Lestrarpróf MMS.
Grunnpættir lestrar	Stafaþekking (tengsl stafs og hljóðs) raddlestrarpróf	hljóðkerfisvitund lesskilningur orðaforði umskráning	lesfimi
Tímasetning	ágúst	október	sept.,jan.,maí
Þátttaka	allir í árgangi	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	umsjónarkennari sérkennari	umsjónarkennari	umsjónarkennari
Viðbragðs-áætlun	Nemendum raðað í lestrarhópa. Námsefni eftir getu.	Ef nemandi er í áhættuhópum samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.	Nemendum raðað í lestrarhópa. Námsefni eftir getu.
Skráning	Skráð í exel	Skráð í excel.	Skráð hjá mms.is og excel og í Námfús.

2. bekkur

Verkfæri	Stöðupróf	Lestrarpróf MMS.
Grunnpættir lestrar	lesfimi	lesfimi
Tímasetning	ágúst	september, janúar og maí
Þátttaka	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	sérkennari eða umsjónarkennari	umsjónarkennari
Viðbragðs-áætlun	Nemendum raðað í lestrarhópa. Námsefni eftir getu.	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.
Skráning	Skráð í exel	Skráð hjá mms.is og excel og í Námfús.

3. bekkur

Verkfæri	Stöðupróf	Lestrarpróf MMS.	LOGOS	Orðarún
Grunnbættir lestrar	lesfimi	lesfimi	lesfimi lesskilningur umskráning (Skimun 1, 4, 5)	lesskilningur orðaforði
Tímasetning	ágúst	september, janúar og maí	febrúar	september (1.próf) desember (2.próf)
Þátttaka	allir í árgangi	allir í árgangi	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	sérkennari	umsjónarkennari	sérkennari	umsjónarkennari
Viðbragðs- áætlun	Nemendum raðað í lestrarhópa. Námsefni eftir getu.	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.	Áætlun gerð fyrir komandi skólaár.	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.
Skráning	Skráð í excel.	Skráð hjá mms.is og excel og í Námfús.	Skráð í excel.	Skráð í Námfús og excel.

4. bekkur

Verkfæri	Stöðupróf	Lestrarpróf MMS.	Samræmt próf	Orðarún
Grunnþættir lestrar	lesfimi	lesfimi		lesskilningur orðaforði
Tímasetning	ágúst	september, janúar og maí	september	á haustönn
Þátttaka	valdir nemendur	allir í árgangi	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	sérkennari	umsjónar- kennari	námsmatsstofnu n	umsjónar- kennari
Viðbragðs- áætlun	Nemendur m raðað í lestrarhópa . Námsefni eftir getu.	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Ef nemandi kemur illa út er haft samband við foreldra og í samráði veitt inngrip við hæfi.	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.
Skráning	Skráð í excel.	Skráð hjá mms.is og excel og í Námfús.		Skráð í Námfús og excel.

5. bekkur

Verkfæri	Lestrarpróf MMS.	Orðarún
Grunnbættir lestrar	lesfimi	lesskilningur orðaforði
Tímasetning	september, janúar, maí	september (próf 1) desember(próf 2)
Þátttaka	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	umsjónarkennari	umsjónarkennari
Viðbragðs-áætlun	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.
Skráning	Skráð hjá mms.is og í Námfús.	Skráð í Námfús og excel.

6. bekkur

Verkfæri	Lestrarpróf Mms.	Orðarún	LOGOS
Grunnbættir lestrar	lesfimi	lesskilningur orðaforði	lesfimi lesskilningur umskráning (Skimun)
Tímasetning	september, janúar, maí	september (próf 1) desember(próf 2)	nóvember
Þátttaka	allir í árgangi	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	umsjónarkennari	umsjónarkennari	sérkennari
Viðbragðs-áætlun	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.	Ef grunur vaknar um lestarvanda nemanda er honum vísað í nánari lestrargreiningu (LOGOS).
Skráning	Skráð hjá mms.is og excel og í Námfús.	Skráð í Námfús og excel.	Skráð í excel

7. bekkur

Verkfæri	Lestrarpróf Mms.	Orðarún	Samræmt próf
Grunnþættir lestrar	lesfimi	lesskilningur orðaforði	
Tímasetning	september, janúar, maí	september (próf 1) desember(próf 2)	september
Þátttaka	allir í árgangi	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	umsjónarkennari	umsjónarkennari	Námsmatsstofnun
Viðbragðs- áætlun	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Ef nemandi kemur illa út er haft samband við foreldra og í samráði veitt inngrip við hæfi.
Skráning	Skráð hjá mms.is og excel og í Námfús.	Skráð í Námfús og excel.	

8.bekkur

Verkfæri	Lestrarpróf MMS.	Orðarún	Orðalykill
Grunnþættir lestrar	lesfimi	lesskilningur orðaforði	orðaforði
Tímasetning	september, janúar, maí	september (próf 1) og janúar (próf 2)	september
Þátttaka	allir í árgangi	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	íslenskukennari	sérkennari	sérkennari
Viðbragðs-áætlun	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.	Ef nemandi fellur undir slakan eða mjög slakan árangur samkvæmt stöðlun prófsins skal veitt inngrip við hæfi.
Skráning	Skráð hjá mms.is og excel og í Námfús.	Skráð í Námfús og excel.	

9.bekkur

Verkfæri	Lestrarpróf Mms.	LOGOS	Samræmt próf
Grunnþættir lestrar	lesfimi	lesfimi lesskilningur umskráning (Skimun 1, 4, 5)	
Tímasetning	september, janúar,maí	apríl	mars
Þátttaka	allir í árgangi	allir í árgangi	allir í árgangi
Fyrirlögn	íslenskukennari	sérkennari	Námsmatstofnun
Viðbragðs-áætlun	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.	Ef grunur vaknar um lestarvanda nemanda er honum vísað í nánari lestrargreiningu (Logos).	Niðurstöður nýttar til þess að skoða áherslur í skólastarfinu. Ef nemandi kemur illa út er haft samband við foreldra og í samráði veitt inngrip við hæfi.
Skráning	Skráð hjá mms.is og í Námfús.	Skráð í excel	

10.bekkur

Verkfæri	Lestrarpróf Mms.
Grunnþættir lestrar	lesfimi
Tímasetning	september, janúar,maí
Þátttaka	allir í árgangi
Fyrirlögn	íslenskukennari
Viðbragðsáætlun	Íhlutun er unnin í samræmi við matsramma fyrir lesfimi frá MMS.
Skráning	Skráð hjá mms.is og í Námfús.

Heimildir:

Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilning*. Reykjavík: Háskólaprent.

Helga Sigurmundsdóttir og Steinunn Torfadóttir. (E.d.) *Lesfimi*. Sótt þann 27. apríl 2016 af <http://lesvefurinn.hi.is/lesfimi> .

Lesvefurinn. Um læsi og lestrarerfiðleika. Sótt 12. nóvember 2016 af: <http://lesvefurinn.hi.is/node/237>

Námsmatsstofnun.(E. d) *Hvað er leið til læsis?* Sótt þann 20. apríl 2016 af http://www.namsmat.is/vefur/stodlud_prof/leid_las/las_uppl.html .

Steinunn Torfadóttir. (E.d.) *Hvað er lestur?* Sótt þann 27.apríl 2016 af: http://lesvefurinn.hi.is/hvad_er_lestur.